



Til: Byggingarfulltrúi Skaftárhrepps <bygg@klaustur.is>  
Efni: Re: Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032  
Upplýsingar: Sent: 30.01.2020 11:21:17 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2020010057, Málalýklar: 42-0 Umsagnir almennt

---

Tilvísun í mál: 2020010057

Vísað er til bréfs frá Skaftárhreppi, dags. 16. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032.

Almennt telur Náttúrufræðistofnun framangreinda lýsingu gera vel grein helstu þáttum sem fjalla þarf um við endurskoðun aðalskipulagsins og jafnframt er gerð grein fyrir stefnumótun hreppsins og markmið skilgreind þ.m.t. markmið í umhverfismálum og náttúruvernd.

Í kafla 4.1 og töflu á bls. 23- 26 er t.d. taldir upp ýmsir áhrifaþættir. Í töflu er lagt upp með meta hvort tiltekin þróun hafi áhrif með spurningunni: „**Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi þætti:**“ Að mati Náttúrufræðistofnunar er óljóst hvort t.d. þróun byggðar og atvinnusvæða feli í sér að meta t.d. breytingar á landnotkun með skógrækt eða öðrum breytingum í ræktun stórra svæða og þá sérstaklega í tengslum við breytingar á lífríki, jarðmyndunum (t.d. skógrækt í Skaftáreldahrauni) og landslagi.

Á bls. 27-31. er farið vel yfir ýmis umhverfis- og náttúruverndarviðmið sem finna má í lögum, reglugerðum, stefnum/áætlunum og alþjóðasamningum. Þar á eftir í kafla 4.4. er síðan farið yfir hvernig á að vinna mat á valkostum og áhrifum en sjálft skipulagið mun leiða í ljós hversu vel tekst til.

#### **Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi:**

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almennarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um frumandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér:  
<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>. Yfirlit yfir jarðfræði Íslands má finna hér  
<https://jardfraedikort.ni.is/>.

Ennfremur má finna upplýsingar um seli við strendur Íslands hér: Fjölrit um seli hér:  
[http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf), og kortasjá <https://www.ni.is/node/27206> og válista fyrir spendýr  
má finna hér: <https://ni.is/node/27354>. Yfirlit yfir válista almennt má finna hér:  
<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem  
bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir  
neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



Frá: Byggingarfulltrúi Skaftárhrepps <[bygg@klaustur.is](mailto:bygg@klaustur.is)>

Dags: 01/17/2020 11:27:22 AM

Til: "Umhverfisstofnun" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>, <[myrdalshreppur@vik.is](mailto:myrdalshreppur@vik.is)>, <[hvolsvollur@hvolsvollur.is](mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is)>, <[ry@ry.is](mailto:ry@ry.is)>, <[asahreppur@asahreppur.is](mailto:asahreppur@asahreppur.is)>, <[thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)>, <[skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is)>, <[afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)>, <[anr@anr.is](mailto:anr@anr.is)>, <[fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is)>, <[hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is)>, <[erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is](mailto:erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is)>, <[samgongustofa@samgongustofa.is](mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)>, 'Kristinn Magnússon' <[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)>, <[upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)>, <[for@for.is](mailto:for@for.is)>, <[ni@ni.is](mailto:ni@ni.is)>, <[info@vjp.is](mailto:info@vjp.is)>, <[landvernd@landvernd.is](mailto:landvernd@landvernd.is)>, <[land@land.is](mailto:land@land.is)>, <[skogur@skogur.is](mailto:skogur@skogur.is)>, <[rarik@rarik.is](mailto:rarik@rarik.is)>, <[landsnet@landsnet.is](mailto:landsnet@landsnet.is)>, <[office@vedur.is](mailto:office@vedur.is)>, <[gudmundurs@biskup.is](mailto:gudmundurs@biskup.is)>, <[info@katlageopark.is](mailto:info@katlageopark.is)>  
cc: 'Skaftárhreppur' <[sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is)>, 'Jón Hrafn Karlsson' <[jonhrafn@eldhraun.is](mailto:jonhrafn@eldhraun.is)>, 'Margrét Ólafsdóttir' <[margret@landmotun.is](mailto:margret@landmotun.is)>

Fni: Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032

Sæl

Í viðhengi er óskað eftir umsögn vegna lýsingar endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps. Hjálagt er einnig lýsingin sjálf.

Bestu kveðjur

Ólafur E Júlíusson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Skaftárhrepps  
[bygg@klaustur.is](mailto:bygg@klaustur.is)  
Sími: 487-4840  
Gsm: 897-4837

